

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með, með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. desember 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Garðabæ fyrir árið 1993.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sbr. c-lið 3. gr. samþykktar um hundahald í Garðabæ frá 11. mars 1983, skal vera kr. 9 500, fyrir árið 1993. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 15. nóvember 1992.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundum, sbr. 2. gr. ofangreindrar samþykktar, skal vera kr. 4 000.

3. gr.

Um vexti af vangreiddu leyfisgjaldi gilda almennar reglur.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. desember 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

BÆJANÖFN O. FL.

Menntamálaráðuneytið hefur – samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o.fl. – gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1992:

ÁRNESSÝSLU:

Hagi II, nýbýli, úr landi Haga, Gnúpverjahreppi.

SUÐUR-ÞINGEYJARSÝSLU:

Hella, þjónustubýli, úr landi Grímsstaða, Skútustaðahreppi.

SKAGAFJARÐARSÝSLU:

Eyhildarholt III, nýbýli úr landi Eyhildarholts, Rípurhreppi.
Héraðsdalur II, nýbýli úr landi Héraðsdals, Lýtingsstaðahreppi.
Hávík, þjónustubýli úr landi Víkur, Staðahreppi.

RANGÁRVALLASÝSLU:

Melur II, garðyrkjubýli, úr landi Mels, Djúpárhreppi.

Menntamálaráðuneytið, 11. desember 1992.

F. h. r.

Árni Gunnarsson.

Pórunn J. Hafstein.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds á Hellu 1993.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund sbr. b-lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 76/1975, skal á árinu 1993 vera kr. 6 000 og er ábyrgðartrygging innifalin. Gjald dagi er 1. janúar og eindagi 28. febrúar ár hvert.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeiganda leyfishafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Rángárvallahrepps, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 með síðari breytingum og öðlist gildi 1. janúar 1993.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. desember 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.